



# Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 25. nóvember 2015

**Fundarboðari:** Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi

**Nr. fundar:** 33

## Mættir:

Þorsteinn Steinsson (ÞS), bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, formaður  
Sturla Böðvarsson (SB), bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, varaformaður  
Eggert Kjartansson (EK), oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps, ritari  
Kristinn Jónasson (KJ), bæjarstjóri Snæfellsbæjar  
Theódóra Matthíasdóttir (TM), umhverfisfulltrúi Snæfellsness

**Fundarstaður:** Ráðhús Stykkishólmsbæjar

## Dagskrá:

1. Tíu ára skýrsla – *Skref í rétta átt*
  - *Fylgiskjöl 1 og 2: Tíu ára skýrsla með breytingum og Tíu ára skýrsla tilbúin til samþykktar*
2. TM gerir grein fyrir helstu verkefnum síðustu vikna
3. Plastpokalaust Snæfellsnes og næstu verkefni
  - *Fylgiskjal 3: Tillaga sem samþykkt var í bæjarstjórn Stykkishólms sem tekur til regla til að draga úr plastnotkun á vegum sveitarfélagsins.*
4. Ályktun aðalfundar Héraðsnefndar
  - *Fylgiskjal 4: Fundargerð aðalfundar Héraðsnefndar*
5. Önnur mál

## Umfjöllun:

ÞS setur fund kl. 10:20, TM ritar fundargerð.

1. TM gerir grein fyrir stöðu tíu ára skýrslunnar – *Skref í rétta átt*. Skýrslan hefur verið uppfærð m.t.t. athugasemda sem gerðar voru á fundi Framkvæmdaráðs í febrúar.  
**Afgreiðsla:** Samþykkt að fundarmenn hafi viku til þess að koma með athugasemdir við skýrsluna. Þá verður hún send í uppsetningu og prentun.
2. TM gerir grein fyrir verkefnum síðustu missera.
3. TM gerir grein fyrir verkefninu *Plastpokalaust Snæfellsnes*. Undirbúningur þegar hafinn í samstarfi við markaðsfulltrúa og Svæðisgarð. Reglur til að draga úr plastnotkun hjá stofnunum sveitarfélaganna, sem samþykktar voru í bæjarstjórn Stykkishólms, lagðar fram og kynntar.  
**Afgreiðsla:** Samþykkt að aðlaga reglurnar að hinum sveitarfélögum á Snæfellsnesi og leggja þær fram til samþykktar sveitarstjórna. Þannig er hægt að vinna samræmt að því að draga úr plastnotkun á Snæfellsnesi, bæði hjá sveitarfélögum sjálfum og íbúum og gestum.

TM kynnir uppfærslu á Framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna í umhverfismálum. Framkvæmdaáætlunin verður uppfærð og lögð fyrir Framkvæmdaráð til umsagnar og samþykktar í byrjun árs 2016. Samþykkt



## Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 25. nóvember 2015

---

að megináherslur ársins 2016 verði á Plastpokalaust Snæfellsnes, aukna sorpflokkun og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við samgöngur á svæðinu.

4. Ályktun aðalfundar Héraðsnefndar frá því í maí 2015.

Ályktunin er svohljóðandi:

*Aðalfundur Héraðsnefndar haldinn í Klifi Ólafsvík, 27. maí 2015, leggur til að skipaður verði sérstakur starfshópur sem hafi það verkefni að skoða möguleika á aukinni samvinnu og einföldun á samstarfi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Í hópnun verði Framkvæmdaráð ásamt oddvitum sveitarfélaganna. Hópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir lok október næstkomandi. Atvinnuráðgjöf SSV verði fengin til ráðgjafar í þessu sambandi.*

**Afgreiðsla:** Samþykkt að ÞS verði í forsvari fyrir því að ræða vð Atvinnuráðgjöf SSV og fá hana til þess að leggja fram tillögur varðandi málið.

Önnur mál voru engin.

**Næsti fundur:** Óákveðið

**Fundi slitið kl.:** 11:20